

78 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Ræktunarsjóð Kjalarnesþings, 30. apríl útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. apríl 1957. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Ræktunarsjóð Kjalarnesþings.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af Búnaðarsambandi Kjalarnesþings, samkvæmt 3. gr. laga, er samþykkt voru á fyrsta aðalfundi þess.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er í ársbyrjun 1944 kr. 11797.40. Skal ávallt leggja helming vaxta við höfuðstólinn. Þann höfuðstól má aldrei skerða.

3. gr.

Stjórn Búnaðarsambands Kjalarnesþings varðveitir eignir sjóðsins. Skal hann ávaxtast í Söfnunarsjóði.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að verðlauna þá menn í Kjalarnesþingi, sem skara fram úr í búnaðarframkvæmdum og búnaðarháttum, eða leysa af hendi sérstaklega heillaríkt starf í félags- og framfaramálum bænda. Ein verðlaun skulu veitt annað hvort ár.

5. gr.

Stjórn Búnaðarsambands Kjalarnesþings hefur ein tillögurétt um verðlaunaveitingar úr sjóðnum. Skulu tillögurnar lagðar fyrir aðalfund Búnaðarsambands Kjalarnesþings, sem samþykkir þær eða hafnar þeim. Stjórn Búnaðarsambands Kjalarnesþings er skylt að afla sér sem beztra upplýsinga um hæfni þeirra manna, sem hún gerir tillögur um að verðlaun fái.

6. gr.

Verðlaun úr sjóðnum skulu vera góðir gripir eða fjárupphæðir, og fylgi þeim verðlaunaskjöl undirrituð af stjórn sambandsins. Nú eru verðlaun ekki veitt fyrir eitt eða fleiri tímabil og skal þá geyma það fé, sem heimilt er að veita til verðlauna þar til næsta verðlaunaúthlutun fer fram, og má þá veita fleiri en ein verðlaun.

7. gr.

Stjórn Búnaðarsambands Kjalarnesþings annast stjórn sjóðsins. Hún skal færa bók yfir eignir sjóðsins, svo og ársreikning hans, sem endurskoðast með reikningum Búnaðarsambands Kjalarnesþings. Þar skal og færa skýrslur um allar verðlaunaveitingar úr sjóðnum, og annað það, sem varðar starfrækslu hans.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt á aðalfundi Búnaðarsambands Kjalarnesþings, enda samþykki $\frac{3}{4}$ allra mætttra fulltrúa breytinguna.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari, og skal hún birt í B-deild stjórnartíðinda.